

# HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS

34. fundur –11. desember 2000

## Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 11. desember 2000, að Dalshrauni 13, Hafnarfirði, kl. 17:00.

Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk starfsmanna heilbrigðiseftirlitsins Þorsteins Þorvarðarsonar, Páls Stefánssonar, Sigurjóns Hrólfssonar og Guðmundar H. Einarssonar, sem ritaði fundargerð.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

### **1. Fundargerð 33. fundar heilbrigðisnefndar.**

Samþykkt.

### **2. Fundargerð 26. starfsmannafundar frá 6. desember 2000.**

#### **2.1 Starfsleyfi**

##### **2.1.1 Bessastaðahreppur - tónlistarskóli.**

Lögð fram umsókn Gunnars Vals Gíslasonar f. h. Bessastaðahrepps vegna Tónlistarskóla kt: 440169-6869, dags. 27. nóvember 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tónlistarskóla í íþróttamiðstöð Bessastaðahrepps. Breytingar á húsnæði.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 4 ára.

##### **2.1.2 Bæjarlind 18, Kópavogi - veitingastaður.**

Lögð fram umsókn Helga Vilhjálmssonar f.h. KFC ehf. kt: 540198-3149, dags. 5. desember 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar að Bæjarlind 18, Kópavogi.

Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirliti vegna matvæla verði komið á innan 3 mánaða.

##### **2.1.3 Dalshraun 11, Hafnarfjörður - veitingastaður.**

Lögð fram umsókn Lovísu Sigurjónsdóttur, kt: 120764-2259, dags. 6. desember 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs skyndibitastaðar að Dalshrauni 11, Hafnarfirði. Endurnýjun. Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirliti vegna matvæla verði komið á innan 3 mánaða og að lokinni fullnaðarúttekt heilbrigðisfulltrúa.

##### **2.1.4 Flatahraun 29, Hafnarfirði - samkomusalur.**

Lögð fram umsókn Ármanns Sigurðssonar f.h. Stangaveiðifélags Hafnarfjarðar kt: 620269-1239, dags. 27. nóvember 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs samkomusalar með móttökueldhúsi að Flatahrauni 29, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi.

##### **2.1.5 Furugrund 3, Kópavogi - hárgreiðslustofa..**

Lögð fram umsókn H.G. Stúdíó ehf. kt: 690499-2829, dags. 16. nóvember 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslustofu að Furugrund 3, Kópavogi. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um loftræstingu úr snyrtirými og vinnurými.

##### **2.1.6 Gilsbúð 7, Garðabæ - heildverslun.**

Lögð fram umsókn Vilhelms Wessman f.h. Matráðs ehf. kt: 440699-2519, dags. 14. nóvember 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs heildverslunar með matvæli að Gilsbúð 7, Garðabæ. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirliti vegna matvæla verði komið á innan 3 mánaða.

#### 2.1.7 Hellisgata 26, Hafnarfirði - daggæsla.

Lögð fram umsókn Þórdísar Böðvarsdóttur kt: 211159-2009, dags. 31. október 2000, þar sem sótt er um leyfi fyrir daggæslu barna að Hellisgötu 26, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Samþykkt að veita starfsleyfi til 4 ára fyrir allt að 12 börn.

#### 2.1.8 Helluhraun 6, Hafnarfirði - sandblástur..

Lögð fram umsókn Hjálmtýs Sigurðssonar f.h. H.K. Sandblásturs ehf., kt: 680100-2680, dags. 14. nóvember 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sandblásturs, réttinga og sprautunar að Helluhrauni 6, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykka notkun fasteigna.

#### 2.1.9 Hlíðarvegur 29, Kópavogi - hárgreiðslustofa.

Lögð fram umsókn Margrétar Hallgrímsdóttur f.h. Hársnyrtistofunnar Sveipur kt: 031157-4639, dags. 5. desember 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hársnyrtistofu að Hlíðarvegi 29, Kópavogi. Endurnýjun.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 4 ára.

#### 2.1.10 Hvaleyrarbraut 3, Hafnarfirði - matvöruverslun.

Lögð fram umsókn Kaupás hf, f.h. Krónunnar kt: 711298-2239, dags. 29. nóvember 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvöruverslunar án vinnslu að Hvaleyrarbraut, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirliti vegna matvæla verði komið á innan 3 mánaða.

#### 2.1.11 Íshella 4, Hafnarfirði - bílavarahlutaverslun.

Lögð fram umsókn Ragnars Róbertssonar f.h. Jeppahlutir 4 x 4 ehf. kt: 470789-0939 dags. 13. nóvember 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bílavarahlutaverslunar að Íshellu 4, Garðabæ. Ný starfsemi.

Afgreiðslu frestað þar sem ekki liggur fyrir afgreiðsla bygginganefndar sbr. 3. gr. samþykktar nr. 219/2000, um niðurrif á þungavinnuvélum, bílum o.þ.h. hlutum í Hafnarfirði og geymslu slíkra tækja og hluta sem eiga að fara í niðurrif.

#### 2.1.12 Kapelluhraun, Hafnarfirði – kappaksturs- og æfingabraut.

Lögð fram umsókn Jóhanns Sæmundssonar f.h. Kvartmíluklúbbsins, kt: 660999-1199, dags. 4. desember 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs aksturíþróttabrautar í Kapelluhrauni í Hafnarfirði. Endurnýjun.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykka notkun.

#### 2.1.13 Kópavogsbraut, Kópavogi - leikskóli.

Lögð fram umsókn Sesselju Hauksdóttur f.h. Kópavogsbæjar vegna Leikskólans Urðarhóls kt: 700169-3759, dags. 14. nóvember 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla við Kópavogsbraut, Kópavogi. Leikskólin Skólatröð ásamt Stubbaseli verða sameinaði þessu leikskóla Ný starfsemi / Endurnýjun.

Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirliti vegna matvæla verði komið á innan 3 mánaða.

#### 2.1.14 Lyngás 8, Garðabæ - þvotta- og bónstöð.

Lögð fram umsókn Axels Ingólfssonar f.h. Lyngás 8 ehf. (Litla bónstöðin) kt: 610198-2609, dags. 14. nóvember 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs þvotta- og bónstöðvar að Lyngási 8, Garðabæ. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykka notkun fasteigna.

#### 2.1.15 Rauðhella 2, Hafnarfirði – efnissala fyrir byggingar og stáliðnað

Lögð fram umsókn Kára Geirlaugssonar f. h. Guðmundar Arasonar ehf. kt: 510193-2539 dags. 6. desember 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs efnissölu fyrir byggingar og stáliðnað að Rauðhelli 2, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

#### 2.1.16 Reykjavíkurvegur 60, Hafnarfirði – matsölustaður.

Lögð fram umsókn Hlínar Einarsdóttur f. h. Veitingahússins Útópía ehf. kt: 441200-2690, dags. 5. desember 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar að Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði. Eigendaskipti.

Samþykkt að veita starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirliti vegna matvæla verði komið á innan 3 mánaða.

#### 2.1.17 Skeiðarás, Garðabæ - vélsmiðja.

Lögð fram að nýju umsókn Sævars Geirs Svavarssonar f.h. Norma ehf. kt: 690774-0119, og símbref dags. 4. desember 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs vélsmiðju að Skeiðarási, Garðabæ. Breytingar á húsnæði.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 5 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

#### 2.1.18 Skeiðarás, Garðabæ - plastframleiðsla.

Lögð fram að nýju umsókn Sævars Geirs Svavarssonar f.h. Norm-X ehf. kt: 550682-0529, og símbref dags. 4. desember 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs plastframleiðslu að Skeiðarási, Garðabæ. Breytingar á húsnæði.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 10 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

#### 2.1.19 Smiðsbúð 10, Garðabæ – gluggasmiðja.

Lögð fram umsókn Magnúsar Víkings f.h. Gluggar og Garðhús ehf. kt: 410895-2779, dags. 1. nóvember 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs smíðaverkstæðis að Smiðsbúð 10, Garðabæ. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

#### 2.1.20 Smiðjuvegur 2, Kópavogi - hárgreiðslustofa.

Lögð fram umsókn Láru G. Stephensen f.h. Hársmiðjunnar sf. kt: 520796-2319, dags. 1. desember 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslustofu að Smiðjuvegi 2, Kópavogi. Endurnýjun.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 4 ára.

#### 2.1.21 Smiðjuvegur 4E, Kópavogi – járn- og stálsmiðja.

Lögð fram umsókn Guðlaugs Ragnarssonar f.h. Gneista ehf. kt: 680586 1799, dags. 1. desember 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs járn og stálsmiði ásamt minni háttar viðgerðaverkstæðis að Smiðjuvegi 4E, Kópavogi. Endurnýjun.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

#### 2.1.22 Suðurhraun 4, Garðabæ - umbúðadreifing

Lögð fram umsókn Finns Harðarsonar f.h. Samhentir – Kassagerð, kt: 560196-2299, dags. 1. desember 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs vörugeymslu að Suðurhrauni 4, Garðabæ. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

### 2.1.23 Vesturgata , Hafnarfirði - vörugeymsla.

Lögð fram umsókn Magnúsar Kjærnested f.h. Jónar Transport hf. kt: 440189-1219, dags. 27. nóvember 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs vörugeymslu við Vesturgötu í Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

### 2.1.24 Vesturhraun 3, Garðabæ - járn-, ál- og stálsmiðja.

Lögð fram umsókn Ó. Johnson & Kaaber hf. f.h. Lindax ehf. kt: 620388-2549, dags. 1. október 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs járn-, ál- og stálsmiðju að Vesturhrauni 3, Garðabæ. Ný starfsemi.

Samþykkt að veita starfsleyfi til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar, sem gilda um starfsemina og þegar fyrir liggur að starfsemin samrýmist gildandi skipulagi og er í samræmi við samþykktu notkun fasteigna.

## 2.2 Umsagnir

### 2.2.1 Auðbrekka 25, Kópavogi - Betri stundir ehf.

Lagt fram bréf Bæjarlögmanns Kópavogsbæjar dags. 30. nóvember 2000, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Hauks Ragnarssonar kt: 050661-5719, f.h. Betri Stunda ehf.

(Lionssalurinn Lundur) kt: 580700-3220, sem sækir um leyfi til áfengisveitinga að Auðbrekku 25, Kópavogi.

Samþykkt jákvæð umsögn m.t.t. svipmóts.

### 2.2.2 Bæjarlind 18, Kópavogi - KFC ehf. (kjúklingastaður)

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 7. desember 2000, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Helga Vilhjálmssonar f.h. KFC ehf. kt: 540198-3149, sem sækir um veitingaleyfi á veitingastaðnum KFC ehf. að Bæjarlind 18, Kópavogi.

Samþykkt jákvæð umsögn.

### 2.2.3 Engihjalli 8, Kópavogi - Riddarinn.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Kópavogi dags. 28. nóvember 2000, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Þórhalls Maacks kt: 270950-2649, sem sækir um endurnýjun á leyfi til reksturs veitingastaðarins Riddarinn kt: 610599-2359, Engihjalla 8, Kópavogi.

Samþykkt jákvæð umsögn.

### 2.2.4 Garðaholt, Garðabæ - Félagsheimili.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 5. desember 2000, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sigríðar Einarsdóttur kt: 260943-4729, sem sækir um endurnýjun á veitingaleyfi fyrir Félagsheimilið Garðaholt í Garðabæ kt: 480578-1209.

Samþykkt jákvæð umsögn.

### 2.2.5 Hamraborg 6, Kópavogi - Salurinn, Tónlistahúsi Kópavogs.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Kópavogi dags. 4. desember 2000, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Önnu Hallgrímsdóttur kt: 160230-2829, sem sækir um veitingaleyfi fyrir einkasal í Tónlistahúsi Kópavogs, Hamraborg 6, Kópavogi.

Samþykkt jákvæð umsögn.

### 2.2.6 Hamraborg 11, Kópavogi - Þinghóll hf.

Lagt fram bréf Bæjarlögmanns Kópavogsbæjar dags. 7. nóvember 2000, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Lovísu Hannesdóttur kt: 160230-2829, sem sækir um áfengisveitingaleyfi í veitingastaðnum Þinghóli hf., Hamraborg 11, Kópavogi.

Samþykkt jákvæð umsögn m.t.t. svipmóts.

### 2.2.7 Hamraborg 14a, Kópavogi - Hamragrill.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Kópavogi dags. 28. nóvember 2000, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Ólafar Ólafsdóttur kt: 180739-3359, sem sækir um endurnýjun á leyfi til reksturs veitingastofu HH Gná ehf. kt: 650995-2369, Hamraborg 14a, Kópavogi.

Samþykkt jákvæð umsögn.

#### 2.2.8 Hlíðarsmári 15, Kópavogi - Presto Islandi ehf.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Kópavogi dags. 10. nóvember 2000, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Hildar Waltersdóttur f.h. Presto Islandi ehf. kt: 670900-2310, sem sækir um veitingaleyfi fyrir Café Presto að Hlíðarsmára 15, Kópavogi.

Samþykkt jákvæð umsögn að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

#### 2.2.9 Hlíðarsmári 15, Kópavogi - Presto Islandi ehf.

Lagt fram bréf Bæjarritara Kópavogs dags. 17. nóvember 2000, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Hildar Waltersdóttur f.h. Presto Islandi ehf. kt: 670900-2310, sem sækir um veitingaleyfi fyrir Café Presto að Hlíðarsmára 15, Kópavogi.

Samþykkt jákvæð umsögn að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

#### 2.2.10 Reykjavíkurvegur 60, Hafnarfirði - Útópía ehf.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 8. desember 2000, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Hlínar Einarsdóttur kt: 070377-5519, fyrir hönd Veitingahússins Útópía ehf. kt: 441200-2690, sem sækir um veitingaleyfi fyrir veitingastaðinn Pizza 67, Reykjavíkurvegi 60 Hafnarfirði.

Samþykkt jákvæð umsögn.

#### 2.2.11 Reykjavíkurvegur 60, Hafnarfirði – Útópía ehf

Lagt fram bréf Hafnarfjarðarbæjar, dags. 4. desember 2000, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Hlínar Einarsdóttur f.h. Veitingahússins Útópía ehf, kt: 441200-2690, sem sækir um áfengisveitingaleyfi fyrir veitingahúsið (Pizza 67) að Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði.

Samþykkt jákvæð umsögn m.t.t. svipmóts.

#### 2.2.12 Smiðjuvegur 2, Kópavogi - Hrói höttur ehf.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Kópavogi dags.3. desember 2000, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Einars Ásgeirssonar f.h. Hróa hattar ehf. kt: 5303911329, sem sækir um veitingaleyfi fyrir veitingaverslun að Smiðjuvegi 2, Kópavogi.

Frestað þar sem ekki liggur fyrir umsókn um starfsleyfi.

#### 2.2.13 Strandgata 50a, Hafnarfirði - Fjörukráin.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 20. nóvember 2000, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Jóhannesar Viðars Bjarnasonar kt: 090855-4689, sem sækir um gistileyfi fyrir Fjörukrána ehf. kt: 630490-1119, að Strandgötu 50a, Hafnarfirði.

Samþykkt jákvæð umsögn.

### 2.3 Annað

#### 2.3.1 Afgreiðsla starfsleyfisumsókna og útgáfa starfsleyfa.

Lagt fram bréf Hollustuverndar ríkisins frá 16. nóvember s. l. varðandi starfsleyfi til atvinnurekstrar sem valdið getur mengun, ásamt bréfi Umhverfisstofnunar dags. 2. október 2000 um starfsleyfi svína- og kjúklingabúa í landinu.

Lagður fram til kynningar listi yfir starfsemi sem er á skrá heilbrigðiseftirlitsins og hefur ekki gilt starfsleyfi né hefur lagt inn umsókna um starfsleyfi í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir.

#### 2.3.2 Dalsmári 5, Kópavogi - áramótabrenna

Lögð fram umsókn Þórðar St. Guðmundssonar f.h. Breiðabliks, dags. 30. nóvember 2000, þar sem sótt er um leyfi fyrir áramótabrennu félagsins sem verður vestanmegin við Sandgrasvöll félagsins.

Heilbrigðisnefnd felur heilbrigðisfulltrúa afgreiðslu umsókna um brennur sbr. umræður á fundi nefndarinnar 13. desember 1999.

### 3. Hundsbít að Sjávangötu 23.

Lagt fram bréf Aðalheiðar Estherar Gunnarsdóttur og Guðjóns B. Helgasonar, dags. 15. ágúst 2000 þar sem þess er krafist að hundurinn Nói verði aflífaður.

Lögð fram frá lögreglunni í Hafnarfirði, frumskýrsla máls dags. 14.08.00. Framburður Aðalheiðar E. Gunnarsdóttur, ásamt fylgigögnum, dags. 15.08.00. Framburður Ágúst

Böðvarssonar dags. 16.08.00. Framburður Eyþórs Eðvarðssonar og Ingrid D. Kuhlman, dags. 16.08.00

Lögð fram greinargerð Ástu D. Ingadóttur, (nóvember 2000, móttöku nr. 2449) um hundinn Nóa.

Lagðar fram greinargerðir heilbrigðiseftirlitsins frá 5. desember 2000 og 20. september 2000. Kynnt bréf Eyþórs Eðvarðssonar sem móttekið var 11.12.2000 ásamt ljósmyndum frá lögreglunni Hafnarfirði, rannsóknardeild, dags. 14. ágúst 2000.

Kynnt bréf Hundaræktafélags Íslands frá 28. september 2000 um meint bit hundsins Nóa, Dalmatíuhunds, til heimilis að Sjávangötu 23, 225 Bessastaðahreppi.

Eftirfarandi afgreiðsla heilbrigðisnefndar var samþykkt. Sigurgeir Ólafsson sat hjá.

"Með símtölum þann 15. ágúst 2000 bárust Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis tilkynningar um hundsbit sem átti sér stað seinni hluta dags þann 14. ágúst 2000, að Sjávangötu 23, Bessastaðahreppi. Tilkynningar bárust frá Aðalheiði Gunnarsdóttur, móður drengsins Arons Ragúels Guðjónssonar, f. 20.03.1990, er varð fyrir bitinu og frá Þorgerði Nielsen eiganda hundsins Nóa sem valdur var að bitinu.

Í lögregluskýrslu, dags. 15. ágúst 2000 (mál 036-2000-04527) um málið, kemur fram að forráðamaður tjónþola krefst aflífunar hundsins vegna árásarinnar. Einnig barst bréf Aðalheiðar Gunnarsdóttur móður drengsins, dags. 15. ágúst s.l. um sama efni. Einnig hefur hún og faðirinn Guðjón B. Helgason hringt ítrekað til heilbrigðiseftirlitsins til að fylgja þeirri kröfu eftir.

Einnig barst lögregluskýrsla, dags. 16. ágúst s.l. um hundsbit sem átti sér stað að Sjávangötu 23, Bessastaðahreppi 29. júlí s.l., og lögregluskýrsla dags. 17. ágúst 2000, þar sem fram kemur að foreldrar tjónþola krefjast aflífunar hundsins Nóa vegna árásar á Írisi A. Eyþórsdóttur, f. 31.07.1994. Krafa um aflífun var staðfest með bréfi sem afhent var heilbrigðiseftirliti 11. desember 2000.

Til að gæta öryggis á meðan á meðferð málsins stæði voru gerðar kröfur til eiganda hundsins um gæslu hans og að hann yrði mýldur utan heimilis.

Málavextir.

Óumdeilt er að hundurinn beit bæði Írisi og Aron og að í báðum tilfellum gerðist það inni á heimili hundsins. Þann 14. ágúst var hann í stól í stofunni og þann 29. júlí í rúmi í svefnherbergi. Bitið á Aroni var greinilega alvarlegra og leiddi til þess að krafist var aflífunar hundsins.

Samþykkt nr. 154/2000 um hundahald er í gildi fyrir Bessastaðahrepp. Hvorugt hundsbitið telst brot á ofangreindri samþykkt þar sem hundurinn var á heimili sínu þegar atvikin áttu sér stað. Í 11. grein samþykktarinnar er hins vegar ákvæði um hvernig bregðast skuli við hundsbitum. Heilbrigðiseftirlitið hefur móttekið framburði aðila máls, álit sérfróðs aðila auk yfirlýsinga nágranna. Á grundvelli framlagðra gagna ákvað heilbrigðiseftirlitið að verða við beiðni hundeiganda um endurþjálfun hundsins. Til að gæta öryggis var gerð krafa um að hundurinn færi af heimili sínu á meðan á þjálfun stæði og hundurinn fengi ekki að snúa á heimili sitt aftur fyrr en heilbrigðiseftirlitið hefði metið málið að nýju að 2 mánuðum liðnum.

Í ljósi heimsóknar á heimili hundsins, viðræðna við húsráðendur og álits hundapjálfa, bendir allt til þess að þjálfun hundsins hafi tekist. Umrædd atvik eru tengd gæslu hundsins inni á heimilinu og aðkomu utan aðkomandi barna. Ástæða er til að ætla að húsráðendur geti framvegis haft fulla stjórn þar á. Við afgreiðslu stjórnvalda ber að gæta þess að fara ekki stangar í sakirnar en ástæða er til og er því ekki rétt að krefjast aflífunar hundsins sbr. ákvæði 11. gr. samþykktar um hundahald í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi.

Úrskurður

Ekki er gerð krafa um að hundurinn Nói að Sjávangötu 23, Bessastaðahreppi verði aflífaður enda verði hann ekki hafður utan dyra án gæslu fullorðina.

#### **4. Eftirlit með þrifum og hreinlæti.**

Rætt um framkvæmd eftirlits og mælinga á þrifum með íssölu, í veitingahúsum, eldhúsum leikskóla og í mótuneytum

#### **5. Förgun á raftækjum og rafeindabúnaði.**

Rætt um nýjar leiðir við flokkun á raftækjum og rafeindabúnaði.

#### **6. Önnur mál.**

Sigrún Ingólfssdóttir greindi frá því að hún myndi hætta störfum í heilbrigðisnefnd á næstunni vegna breyttra aðstæðna hjá sér.

Nefndarmenn þökkðu henni fyrir gott og ánægjulegt samstarf.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 19:15

Árni Sverrisson

Sigrún Ingólfssdóttir

Sigurlaug Sigurðardóttir

Sigfríður Ingvarsdóttir

Jón Bjarni Þorsteinsson

Sigurgeir Ólafsson

Gestur Pétursson